



Vefsíðunefnd Rótarýumdæmisins á Íslandi Skýrsla fyrir starfsárið 2009 – 2010

Nefndina skipa:

Ólafur Ólafsson, Rkl. Reykjavík Grafarvogur, formaður,

Guðni Gíslason, Rkl. Hafnarfjarðar,

Sigurður Darri Skúlason, Rkl. Reykjavík International.

Á starfsárinu 2008-2009 tók Rótarýumdæmið í notkun nýjan vef fyrir íslensku rótarýhreyfinguna. Vefurinn samanstendur af öflugum félagakerfi og sameiginlegri heimasíðu umdæmisins og rótarýklúbbanna.

Meginverkefni vefsíðunefndar á starfsárinu 2009-2010 var áframhaldandi verkefnisstjórnun og uppsetning nýrra kerfiseininga. Vinna við smíði gagnagrunns hefur reynt tímafrekari en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir.

Umtalsverð vinna hefur verið hjá nefndinni við að prófa veflausnina og ná fram bættum eiginleikum og útliti kerfisins. Fjöldmargar athugasemdir og ábendingar hafa borist frá rótarýfélögum og klúbbum á starfsárinu og vill vefnefndin þakka öllum sem lagt hafa hönd á plóginn við þróun kerfisins.

Nefndin hefur á árinu unnið með Hugsmiðjunni ehf. að frekari þróun veflausna fyrir Rótarýumdæmið. Má þar nefna: • Endurbætt fréttakerfi. • Nýtt myndakerfi fyrir umdæmið og klúbbanna. • Nýtt rafrænt fréttabréf umdæmisstjóra sem er sent sjálfvirk á netfang allra rótarýfélaga og er með beina tengingu við heimasíðu umdæmisins. • Á starfsárinu hefur nefndin unnið að nýrri skráningarsíðu fyrir umdæmisþing. Veflausnin gerir ráð fyrir að rótarýfélagar og gestir skrá sig rafrænt á auglýsta dagskrárliði þingsins. Geti skrifað út reikning og greitt skráningargjöld með greiðslukorti á umdæmissíðunni. Gengið er út frá við hönnun veflausnarinnar að nota megi kerfið við aðra viðburði á vegum umdæmisins, t.d. þöntun og greiðslu fyrir minningarkort látinna rótarýfélaga.

Þann 14. mars 2009 var haldið PETS mót fyrir viðtakandi forseta og ritara klúbbanna. Þar veitti Guðni Gíslason fræðslu um notkun félagakerfisins og fór í gegnum leiðbeiningar sem hann hefur samið. Guðni Gíslason hefur á starfsárinu svarað fjölmörgum fyrirspurnum og veitt rótarýfélögum ómetanlega aðstoð. Nefndin hefur séð um móttöku mynda af rótarýfélögum í félagakerfið en annars hefur hjálp verið mest sinnt við breytingu á skráningu funda, tengingu nýrra félaga, innsetningu efnis á heimasíðum klúbbanna og fl.

Vinnu við vefsmíði og gagnagrunnstengingar skv. samningi við Hugsmiðjuna ehf. verður væntanlega senn lokið. Nokkrir klúbbar eiga enn eftir að vinna í heimasíðum sínum og vinna við þróun á enskum hluta umdæmissíðunnar er ekki lokið. Gera má ráð fyrir að unnið verði við þá verkþætti á næsta umdæmisári. Nýjar leiðbeiningar verða einnig unnar þegar öllum endurbótum verður lokið og upplýsinga- og fróðleikssíða verður endurbætt.

Öllum þeim notendum kerfisins sem hafa sent inn ábendingar er þökkun aðstoðin og vefsíðunefnd þakkar rótarýfélögum þolinmæði við notkun kerfisins á meðan þróunarvinna hefur staðið yfir. Jafnframt eru rótarýfélagar og þá sérstaklega þeir sem gegna trúnaðarstörfum fyrir umdæmið hvattir til að skoða síðuna vandlega og koma með ábendingar um bætt efnistöð. Síðan sjálf er aðeins grunnur fyrir margvíslegan fróðleik, fróðleik sem er á ábyrgð rótarýfélaganna.

Leiðbeiningar og ýmsan fróðleik má finna á www.rotary.is/rotaryklubbar/thjonusta/

Ritað í Reykjavík þann 19. maí 2010.

Ólafur Ólafsson formaður.